

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/34/EB

frá 10. maí 1999

## um breytingu á tilskipun ráðsins 85/374/EBE um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Öryggi framleiðsluvöru og bætur vegna tjóns, sem verður vegna gallaðra framleiðsluvara, er brýnt þjóðfélagsmál sem verður að leysa á innri markaðinum. Bandalagið hefur svarað þessum kröfum með tilskipun 85/374/EBE <sup>(4)</sup> og tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru <sup>(5)</sup>.
- 2) Með tilskipun 85/374/EBE var tekin upp réttmæt dreifing á áhættu sem fylgir mikilli tæknivæðingu í nútímaþjóðfélagi. Í tilskipuninni er því kveðið á um sanngjarn jafnvægi milli hagsmunaaðila, einkum um heilsuvernd neytenda, hvatt til nýsköpunar og þróunar í vísindum og tækni, að tryggt sé að ekki verði röskun á samkeppni og að greitt sé fyrir viðskiptum með samræmdu kerfi skaðsemisábyrgðar. Tilskipunin stuðlar þannig að því að auka vitund í viðskiptalífnum um öryggi framleiðsluvara og hve mikilvægt slíkt öryggi er.
- 3) Samhæfing laga aðildarríkjanna, sem varð með tilskipun 85/374/EBE, er ekki endanleg í ljósi þeirra undanþágna sem hún kveður á um, einkum með tilliti til gildissviðs hennar, sem nær ekki yfir óunnar landbúnaðarafurðir.

4) Framkvæmdastjórnin hefur eftirlit með framkvæmd og áhrifum tilskipunar 85/374/EBE, einkum þáttum sem tengjast neytendavernd og starfsemi innri markaðarins sem þegar hefur verið fjallað um í fyrstu skýrslu. Framkvæmdastjórninni ber, með tilliti til þessa og samkvæmt ákvæðum 21. gr., að leggja fram aðra skýrslu um beitingu hennar.

5) Ef gildissvið tilskipunar 85/374/EBE yrði látið ná yfir óunnar landbúnaðarafurðir gæti það endurvakið traust neytenda á öryggi landbúnaðarafurða. Slík ráðstöfun myndi uppfylla kröfur um víðtæka neytendavernd.

6) Aðstæður krefjast þess að tilskipun 85/374/EBE verði breytt til að greiða fyrir því að neytendur geti fengið réttmætar bætur vegna heilsutjóns af völdum gallaðra landbúnaðarafurða.

7) Tilskipun þessi hefur áhrif á starfsemi innri markaðarins að því leyti að misræmi í reglum um skaðsemisábyrgð framleiðenda hefur ekki lengur áhrif á viðskipti með landbúnaðarafurðir.

8) Rýmka ber meginregluna um ábyrgð án sakar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/374/EBE, til að hún gildi um allar gerðir framleiðsluvara, þar á meðal landbúnaðarafurðir, eins og þær eru skilgreindar í öðrum málslíð 32. gr. sáttmálans, auk þeirra sem taldar eru upp í II. viðauka við sáttmálann.

<sup>(1)</sup> Stjótíð. EB nr. C 337, 7.11.1997, bls. 54.

<sup>(2)</sup> Stjótíð. EB nr. C 95, 30.3.1998, bls. 69.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 5. nóvember 1998 (Stjótíð. EB nr. C 359, 23.11.1998, bls. 25), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. desember 1998 (Stjótíð. EB nr. C 49, 22.2.1999, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 23. mars 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 29. apríl 1999.

<sup>(4)</sup> Stjótíð. EB nr. L 210, 7.8.1985, bls. 29. Tilskipun eins og henni var breytt með aðildarlögum frá 1994.

<sup>(5)</sup> Stjótíð. EB nr. L 228, 11.8.1992, bls. 24.

9) Samkvæmt meðalhófsreglunni er nauðsynlegt og viðeigandi að tilskipun 85/374/EBE gildi um landbúnaðarafurðir til að ná grundvallarmarkmiðunum um aukna vernd fyrir alla neytendur og eðlilega starfsemi innri markaðarins. Tilskipun þessi takmarkast við það sem nauðsynlegt telst til að ná settum markmiðum í samræmi við þriðju málsgrein í 5. gr. stofnsáttmálans.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Tilskipun 85/374/EBE er breytt sem hér segir:

## 1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

## „2. gr.

Í þessari tilskipun merkir hugtakið „vara“ hvers kyns lausafjármuni, jafnvel þótt orðnir séu hluti annars lausafjárhlutar eða fasteignar. Orðið „vara“ nær líka til rafmagns.“

## 2. Í 15. gr. falli a-liður 1. mgr. niður.

*2. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta þau lög og stjórn-sýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 4. desember 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. maí 1999.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. EICHEL

*forseti.*